



# Starfsemi Alcoa Fjarðaáls 2011

## Framleiðsla, útflutningur og efnahagur

Hjá Fjarðaáli voru á síðasta ári framleidd rúmlega 340.000 tonn af hreinu gæðaáli og álblöndum. Álið var notað í samgönguiðnaði, svo sem við framleiðslu á bílum, flugvélum, járnbrautalestum og geimferjum. Framleiðsla Fjarðaáls nær til afurða sem teygja sig lengra í virðisbreytingunni en framleiðsla á hrááli gerir almennt. Málblendi eru notuð í fjölbreyttum lausnum í bíla- og byggingariðnaði og álvírar framleiddir hjá Fjarðaáli eru m.a. notaðir í háspennustrengi.

Ál nemur um 40% af öllum vöruútflutningi frá Íslandi, sem er svipað hlutfall og útflutningur sjávarafurða. Á árinu 2011 nam hlutur Fjarðaáls um 17% af heildarvöruútflutningi landsins og flytur ekkert annað fyrirtæki hér á landi út meira vörumagn.

Fjarðaál flutti út vörur fyrir um 95 milljarða króna á árinu, eða fyrir tæpa 8 milljarða króna að meðaltali í hverjum mánuði. Um 35% af útflutningstekjum Fjarðaáls urðu eftir í landinu, eða um 33 milljarðar króna, m.a. í formi opinberra gjalda, launa, innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu og samfélagsstyrkja.

Fjarðaál keypti vörur og þjónustu innanlands fyrir rúma 11 milljarða króna árið 2011 og eru raforkukaup þá undanskilin. Fjöldi innlendra birgja er á þriðja hundrað.

Fjarðaál hefur frá því að álframleiðsla hófst árið 2007 varið tæpum 9 milljörðum króna til fjárfestinga vegna starfseminnar, þar af um 6 milljörðum árið 2011, aðallega til byggingar kersmiðju.

## Starfsmenn

Starfsmenn Fjarðaáls eru 482, þar af eru 22% konur. Um 7,5% starfsmanna voru erlendir ríkisborgarar, sem er um 1% hærra hlutfall en á vinnumarkaði almennt, en 6,6% vinnandi fólks á Íslandi hafa erlent ríkisfang. Auk starfsmanna álversins vinna rúmlega 300 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu og á álverssvæðinu. Að jafnaði eru því um 800 manns að störfum á svæðinu.

Stóriðjuskóli Fjarðaáls tók til starfa árið 2011 er 30 nemendur hófu grunnám. Skólinn er samstarfsverkefni Fjarðaáls, Verkmenntaskóla Austurlands og Austurbrúar, áður Þekkingarnets Austurlands. Stóriðjunám er tækifæri fyrir framleiðslustarfsmenn til að afla sér fjölbreyttrar menntunar sem nýtist bæði í starfi og frekara námi, auk þess sem námið skilar hæfara starfsfólki sem er umbunað með hærri launum.

Fjarðaál greiddi 4,7 milljarða króna í laun og launatengd gjöld árið 2011. Meðallaun voru um 7,1 milljón króna. Meðaltekjur á landsbyggðinni hafa verið hæstar á Austurlandi frá árinu 2002.

Um 86 prósent starfsmanna Fjarðaáls eiga lögheimili í nærliggjandi byggðarlögum, 58% í Fjarðabyggð og 28% á Fljótsdalshéraði. Um 5% hafa lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og 9% annars staðar.

## Samfélag

Íbúum Mið-Austurlands hefur fjölgað um rúmlega 1.000 frá því að framkvæmdir hófust við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa við Reyðarfjörð, eða um 13%. Þeir voru 8.025 í lok árs 2002 og 9.080 í lok árs 2011. Í sveitarfélaginu Fjarðabyggð, þar sem álverið er, hefur íbúum hins vegar fjölgað ívið meira samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, eða um rúm 15%.

Á árinu 2011 greiddi fyrirtækið 1,1 milljarð króna í opinber gjöld til ríkisins og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar.

**Alcoa Fjarðaál**



---

Starfsfólk Fjarðaáls greiddi um 1,3 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar til ríkis og sveitarfélaga. Samtals skilaði starfsemi Fjarðaáls því um 2,4 milljörðum króna í tekjur til ríkis og sveitarfélaga árið 2011.

Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa vörðu 142 milljónum króna til samfélagsstyrkja á árinu 2011. Frá árinu 2003 hefur rúmlega 660 milljónum króna verið veitt til stuðnings ýmsum samfélagsmálum í landinu, aðallega á Austurlandi. Á heimsvísu vörðu Alcoa og Samfélagssjóður Alcoa um 4,8 milljörðum króna til samfélagsmála á árinu 2011.

## Áliðnaðurinn á Íslandi

Árið 2011 námu tekjur þjóðarbúsins af útflutningi áls um 233 milljörðum króna, eða um fjórðungi heildarútflutningtekna þjóðarinnar.

Beint og óbeint framlag áliðnaðar til vergrar landsframleiðslu (vlf) er um 90 milljarðar króna á ári, sem svarar til um 7 prósentu af vlf.

Innflutningur á aðföngum til álframleiðslu er talsvert minni en útflutningur á afurðum fyrirtækjanna. Vöruskiptajöfnuður áliðnaðar er því jákvæður og skapar gjaldeyristekjur sem dregur úr vöruskiptahalla landsins.

Ætla má að um 4.800 manns starfi í áliðnaði og tengdum greinum hér á landi eða um 2,7% vinnuafsins. Af þessum fjölda starfa eru um 2.000 í álframleiðslu beint en um 2.800 í tengdum greinum.

## Fjarðaál og umhverfið

Áhersla Fjarðaáls á að starfa í sátt við umhverfið er í samræmi við stefnu Alcoa í umhverfismálum um allan heim. Þess vegna eru markmið fyrirtækisins m.a. þau að takmarka neikvæð umhverfisáhrif eins og kostur er með markvissum aðgerðum, að vinna af metnaði í anda sjálfbærrar þróunar og taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Hjá Fjarðaáli er einungis í notkun besti fáanlegi búnaður og fullkomnasta tækni sem völ er á. Meðal þess sem nefna má er fullkominn þurrhrensibúnaður sem hreinsar meira en 99,5% flúorefna úr útblæstri verksmiðjunnar, en þau eru síðan endurnýtt við álframleiðsluna.

Mælingar útblásturs frá Fjarðaáli árið 2011 sýna mjög góðan árangur. Heildarflúorlosun frá framleiðslunni nam 0,22 kílógrömmum á hvert framleitt tonn af áli. Það er um 37% minna en heimilt er í starfsleyfi og losun perflúorsambanda var um helmingur þess sem heimilt er í starfsleyfi.

99,6% aukaafurða frá Fjarðaáli voru endurunnin á síðasta ári og einungis 0,4% urðuð eða um 170 tonn. Markmið Fjarðaáls er að engar aukaafurðir verði urðaðar.

## Endurnýjanleg orka og loftslagsmál

Á árinu 2012 mun Evrópusambandið staðfesta Evróputilskipun um hlutfall endurnýjanlegrar orku, sem kveður á um að árið 2020 verði hún a.m.k. 20 prósent af heildarorkunotkun í löndum ESB og á Evrópska efnahagssvæðinu. Hér á landi er þetta hlutfall nú þegar miklu hærra, eða um 80 prósent, sem skýrist af mestu leyti af fjölda vatnsaflsvirkjana og upphitunar húsa með heitu vatni.

Útblástur gróðurhúsalofttegunda frá álveri Fjarðaáls var um 535.000 tonn árið 2011. Útblástur gróðurhúsalofttegunda á hvert framleitt tonn í álverinu var 1,57 tonn, sem er með því lægsta sem gerist á heimsvísu.

Álver og vatnsaflsorkuver losa allt að níu sinnum minna af gróðurhúsalofttegundum en álver og orkuver sem brenna jarðefnaeldsneyti.

Fjarðaál býður starfsfólki sínu friðar rútuferðir frá öllum þéttbýlisstöðum í nágrenni álversins. Mikill fjöldi nýtir sér þá þjónustu og leggur með því sitt af mörkum til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Útgefið á Reyðarfirði í júní 2012